Nd. **537. Þingsályktun**

um framhaldsnám í gagnfræðaskólanum á Akureyri.

(Afgreidd frá Nd. 5. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að heimila að nota húsrúm og kenslukrafta gagnfræðaskólans á Akureyri, sem af kynni að ganga, ef bekkjum skólans verður ekki tvískift, til að greiða götu fátækra og efnilegra nemenda úr skólanum við framhaldsnám, með því skilyrði, að sú breyting auki ekki útgjöld ríkissjóðs til skólans.